

ÁRSSKÝRSLA 2006

ANNUAL REPORT



HLUTVERK NÝHERJA

Að skapa viðskiptavinum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina

Stjórn Nýherja:

Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður

Árni Vilhjálmsson, varaformaður

Guðmundur Jóhann Jónsson, meðstjórnandi

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun hf.

Sæmundur Valdimarsson

Ólafur Már Ólafsson

Umsjón og ábyrgð: Markaðsdeild Nýherja

Ljósmyndir: Grímur Bjarnason o.fl.

Prentvinnsla: Gutenberg

ÁRSSKÝRSLA 2006

ANNUAL REPORT

Efnisyfirlit

Af rekstri 2006	2
Sölusvið	4
Kjarnalausnir	5
Notendalausnir	7
Stoðdeildir	9
Starfsemi dótturfélaga	10
ParX ehf.	10
AppliCon	12
Klak ehf.	13
Tölvusmiðjan	13
SimDex ehf.	14
Ársreikningur	15
Fimm ára yfirlit	16
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	17
Áritun óháðra endurskoðenda	18
Rekstrarreikningur ársins 2006	19
Efnahagsreikningur 31. desember 2006	20
Eiginfjáryfirlit 2006.	21
Sjódstreymisyfirlit ársins 2006.	22
Skýringar	23
Ársfjórðungayfirlit.	40
Annual Report 2006	41
Five year overview.	42
Report and Signature	43
Independent Auditors' Report	44
Statement of Earnings for the Year 2006	45
Balance Sheet December 31, 2006	46
Consolidated Statement of Changes in Equity 2006 ..	47
Statement of Cash Flows for the Year 2006	48

Af rekstri 2006

Áhersla á þjónustu og ráðgjöf skilar auknum árangri

Stefna Nýherja er að vera markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum betri lausnir og þjónustu. Undanfarin ár hefur félagið fjárfest verulega í nýrri þekkingu starfsmanna og þróun á forsníðnum lausnum á sviði hugbúnaðar og þjónustu, mest tengt SAP hugbúnaði. Afkoma undanfarinna ára hefur borið þess merki, þar sem fjárfestingin hefur þegar verið gjaldfærð, en árangur þessarar uppbyggingar er nú farinn að skila sér í bættri afkomu.

Staða Nýherja á upplýsingatæknimarkaðnum hefur því styrkst á árinu 2006 og mikill vöxtur tekna og góð afkoma einkenndu starfseminna. Aukin áhersla félagsins á þróun og markaðssetningu á ráðgjafar- og þjónustulausnum hefur átt ríkan þátt í því að þjónustutekjur Nýherja eru um 45% heildartekna.

Samhliða því að starfsemi félagsins eflist á hefðbundnum mörkuðum á árinu var þjónusta við fyrirtæki á landsbyggðinni aukin með opnun skrifstofu á Akureyri og kaupum á Tölvusmiðjunni ehf. á Austurlandi.

Gullvottuð þjónusta

Kjarnalausnir Nýherja náðu góðum árangri á árinu í sölu og þjónustu á IBM netþjónum, IP samskiptalausnum, IBM hugbúnaði auk rekstrarþjónustu. Unnið var að viðamiklum innleiðingum á IP símkerfum fyrir íslensk fyrirtæki víða um heim og fyrstu skrefin voru tekin á árinu í uppbyggingu á starfsemi á því sviði í Danmörku. Nýherji varð fyrsta fyrirtækið á Norðurlöndunum til að hljóta gullvottun frá Avaya, einu fremsta

fyrirtæki heims á sviði samskiptalausna. Stöðug uppbygging hefur verið á sviði hýsingar- og rekstrarþjónustu og eftirspurn hefur einnig verið góð eftir Lotus Workplace hugbúnaðinum.

Þjónusta og sala á notendabúnaði í vexti

Ágætur vöxtur var á sviði notendabúnaðar Nýherja. Notendalausnir annast þjónustu og vörustjórnun á fjölbættum notendabúnaði eins og fartölvum, ljósritunarvélum, prenturum og hljóð- og myndlausnum, auk þess að annast sölu og uppsetningu á prentsmiðjulausnum. Á árinu tók Nýherji alfarið við Canon umboðinu á Íslandi, en áður hafði sala og dreifing á myndbandsupptökuvélum og ljósmyndabúnaði fyrir fagaðila verið á höndum annarra. Þá hóf Nýherji innflutning á hraðbönkum frá bandaríska fyrirtækinu Diebold. Jafnframt var farið út í skipulagsbreytingar á Hljóð- og myndlausnadeild félagsins sem miða að því að skerpa á vöruþróun og gera lausnaframboðið sýnilegra.

AppliCon til Bretlands og Svíþjóðar á árinu

Árið 2006 var fyrsta heila starfsár AppliCon Holding ehf. sem í ársbyrjun átti dótturfélögin AppliCon ehf. á Íslandi og AppliCon A/S í Danmörku. Bætta afkomu Nýherja má m.a. rekja til þess að rekstur AppliCon gekk með ágætum á árinu en félagið sérhæfir sig í sölu og þróun á sviði SAP og Microsoft lausna. Ný dótturfélög AppliCon voru stofnuð á árinu bæði í Bretlandi og Svíþjóð sem munu einblína á SAP ráðgjafaþjónustu með áherslu á fjármálafyrirtæki. AppliCon var á árinu ítrekað valið eitt fremsta fyrirtækið á sínu sviði af viðskipta- og fagtimaritum.

Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.



Jákvæð þróun hjá ParX

Rekstur ParX ehf., dótturfélags Nýherja, gekk vel á liðnu ári og var í samræmi við áætlanir. ParX hefur unnið markvisst að þróun starfsemi á sviði ráðgjafar og rannsóknar í takt við ný og krefjandi verkefni og réði á árinu ráðgjafa með nýja þekkingu til að sinna þeim kröfum.

Dótturfélögum fjölgar

Nýherji keypti í október allt hlutfé Tölvusmiðjunnar ehf. á Austurlandi, sem annast sölu á tölvum og tækjabúnaði, ásamt því að bjóða upp á viðtæka hugbúnaðar- og rekstrarþjónustu. Rekstur Klaks ehf., dótturfélags Nýherja, gekk ágætlega en Klak stóð m.a. fyrir tveimur fjárfestingum ásamt því að taka þátt í ýmsum nýsköpunarverkefnum. Rekstur SimDex ehf. gekk ekki samkvæmt áætlun árið 2006 þótt jafnvægi hafi náðst á síðari hluta ársins.

Aukinn stöðugleiki í rekstri

Aukið hlutfall tekna Nýherja byggir á þjónustu, ráðgjöf og innleiðingu hugbúnaðar. Jafnframt hafa tekjur í erlendri mynt vaxið og eykur hvort tveggja stöðugleika í rekstrarafkomu félagsins. Markmið Nýherja er að fara enn frekar yfir í þróun og sölu á þjónustu og ráðgjöf með frekari fjárfestingum á sviði SAP, hljóð- og myndlausna, samskiptalausna, samþættingar og ráðgjafar. Erlendar fjárfestingar félagsins hafa gefið góða raun og mun vera litið frekar til Norður-Evrópu í þeim efnum.

Afkoma og efnahagur

Tekjur Nýherja á árinu voru 8.646 milljónir samanborið við 6.293 milljónir árið 2005 og jukust tekurnar því um 37% á milli ára en innri vöxtur tekna var 26%. Nýherji skilaði 305,6 milljón króna hagnaði árið 2006 en 76,5 milljón kr. hagnaður var af starfseminni árið áður. Hagnaður Nýherja

fyrir fjármagnsliði og afskriftir EBITDA, var 682,5 milljónir árið 2006 en var 232,7 milljónir árið 2005. Hlutfall EBITDA af veltu var 7,9% á árinu 2006 samanborið við 3,7% árið áður.



Tekjur af seldum vörum og tengdri þjónustu voru 5.723 milljónir árið 2006 en á sama tíma voru tekjur af hugbúnaði, tengdri þjónustu og ráðgjöf 2.961 milljón. Tekjur Nýherja á Íslandi árið 2006 voru 7.635 milljónir á meðan tekjur félagsins erlendis voru 1.050 milljónir. Meðalfjöldi stöðugilda hjá samstæðunni árið 2006 var 337 en 292 árið áður.

Stjórn Nýherja ákvað þann 21. febrúar að kaupa 46,3 milljón hluti í félaginu á genginu 13,8. Þann 21. júní seldi Nýherji eigin bréf, tæpa 23,1 milljón hluti, á genginu 14 til hluthafa félagsins. Við söluna lækkaði eignarhlutur félagsins í sjálfu sér rétt undir 10%. Eigið fé félagsins í lok árs 2006 var 1.397 milljónir og var því nær óbreytt frá fyrra ári.

Aðalfundur

Aðalfundur Nýherja var haldinn 27. janúar 2006 í ráðstefnusal félagsins. Formaður stjórnar gerði grein fyrir rekstri félagsins á liðnu ári og forstjóri skýrði ársreikninga þess sem voru samþykktir samhljóða. Samþykkt var að hluthöfum yrði greiddur 0,15 kr. á hlut í arð vegna rekstrarársins 2005 og stjórn félagsins var veitt heimild til að kaupa allt að 10% af nafnverði hlutfjár félagsins.

Í stjórn félagsins voru kjörnir Benedikt Jóhannesson formaður, Árni Vilhjálmsson varaformaður, og Guðmundur Jóhann Jónsson meðstjórnandi. Örn D. Jónsson var kjörinn í varastjórn félagsins.



Sölusvið

Faglegri tengsl við viðskiptavinum

Sölusvið Nýherja er ábyrgt fyrir viðskiptatengslum og sölu til viðskiptavina og hefur á að skipa viðskiptastjórum og söluráðgjöfum. Auk þess annast sviðið rekstur verslana og þjónustuvera félagsins. Viðskiptastjórar eru ábyrgir fyrir viðskiptatengslum við stærstu viðskiptavinum Nýherja, og hafa yfirsýn yfir öll þeirra viðskipti við félagið. Söluráðgjafar veita víðtæka söluráðgjöf við val á réttum tæknilausnum auk þess að sinna fjölbættum þörfum stærstu viðskiptavinnanna. Á árinu var sérstök áhersla lögð á að styrkja tengslin við fjármálageirann og hið opinbera.

Í nýlegri þjónustukönnun meðal viðskiptavina kom skýrt fram að aukin áhersla Nýherja á uppbyggingu viðskiptatengsla hefur mælst vel fyrir meðal viðskiptavina. Er því áformað að skerpa á hlutverki söluráðgjafa þannig að hver og einn komi í framtíðinni til með að vera ábyrgur fyrir tenglamyndun við skilgreindan hóp viðskiptavina.

Þjónustuver Nýherja tekur á móti verkbeiðnum frá viðskiptavinum, annast reikningagerð, verkstæðismóttöku og alla símsvörun fyrir fyrirtækið. Við móttöku þjónustubeiðna er fylgt stöðluðum verkferlum sem tryggja að verkbeiðnum sé rétt sinnt og á tilsettum tíma. Símsvörun í þjónustuveri Nýherja hefur aldrei verið betri en mælingar sýna að þjónustuverið svarar um 99% af þeim tæplega 30.000 símtölum sem berast í hverjum mánuði.

Nýherji opnaði skrifstofu á Akureyri á árinu

Sölu- og þjónustuskrifstofa opnuð á Akureyri

Skrifstofa Nýherja á Akureyri var opnuð í september en tilgangurinn með opnuninni er að auka þjónustu við fyrirtæki á Norðurlandi. Þjónustuvæðið er stórt og hefur Akureyrarskrifstofan nú þegar unnið töluvert með bæjarfélögum á Norðurlandi og allt að Vopnafirði, en þar má segja að dótturfélag Nýherja á Austurlandi, Tölvusmiðjan, taki við. Starfsemin nyrðra hefur farið vel af stað og hefur Nýherji fundið fyrir almennri ánægju meðal Norðlendinga.

Breytingar til batnaðar

Lagnir og leiga, sem sameinaði á einum stað lagnaverslun og tækjaleigu Nýherja, var á árinu skipt upp í tvær einingar. Lagnaverslunin flutti frá Borgartúni 33 í nýtt og betra húsnæði að Köllunarklettsvegi 2 og tók upp nafnið Tölvulagnir. Hjá Tölvulögnum er kappkostað að eiga á lager mikið úrval efnis og búnaðar til uppsetninga á fjarskiptakerfum og öðrum tengdum búnaði. Samhliða flutningi Tölvulagna flutti Tækjaleiga Nýherja í höfuðstöðvar fyrirtækisins að Borgartúni 37. Á árinu fluttist lager Nýherja einnig úr höfuðstöðvunum í nýtt lagerhúsnæði að Köllunarklettsvegi 2. Aðstaða lagersins er því orðin mjög fullkomin og vinnuferlar innan lagersins í kjölfarið orðnir skilvirkari til að bæta þjónustu við viðskiptavinum enn frekar.

Söluaukning og herra þjónustustig

Verslun Nýherja og Tölvulagnir skiluðu til samans ágætri söluaukningu yfir árið. Þá jókst sala söluaðila um 33% á árinu.



Kjarnalausnir

Áhersla á þjónustugæði

Kjarnalausnir bera ábyrgð á markaðssetningu, innflutningi og þjónustu á öllum miðlægum lausnum sem Nýherji býður upp á, s.s. netþjónum, gagnageymslulausnum, IP símkerfum, varaafgjöfum og hugbúnaði auk þess að bjóða upp á alhliða hýsingar- og rekstrarþjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Rekstur Kjarnalausna gekk einstaklega vel á árinu. Til að mæta sífelld aukinni eftirspurn og kröfum viðskiptavina var lögð rík áhersla á verkefnastjórnun sem byggir á Prince2 aðferðafræðinni. Nýherji vinnur jafnframt markvisst að því að samræma þjónustuferla sína við ITIL (IT Infrastructure Library) sem er ein útbreiddasta aðferðafræðin fyrir altæka stjórnun þjónustu og verkferla í heiminum í dag. Með þessu móti leitast Nýherji við að skilgreina þarfir viðskiptavina sinna sem best, tryggja sem jöfnust gæði þjónustunnar og að þjónustan verði sem gegnsæjust fyrir viðskiptavini.

IBM BladeCenter netþjónar njóta vaxandi vinsælda

Nýherji hóf sölu á IBM BladeCenter netþjónum árið 2003 en um er að ræða netþjóna byggða á Intel örgjörvum. Í kjölfarið hefur félagið styrkt stöðu sína til muna á Intel markaðnum á Íslandi og er nú svo komið að um 50% allra netþjóna sem Nýherji selur eru IBM blaðanetþjónar. Vinsældir þeirra má rekja til þess hve sveigjanlegir og hagkvæmir IBM blaðanetþjónarnir eru í rekstri en samkvæmt óháðum rannsóknum geta þeir lækkað rekstrarkostnað tölvukerfa um allt að 70% umfram samkeppnina. Háskóli Íslands bættist


Þjónustukannanir sýna að viðskiptavinir Nýherja eru ánægðir með þjónustu félagsins og þá sérstaklega tæknilega fagþjónustu. Framkvæmdir voru kannanir sem mæla þjónustu í formi hulduheimsókna í báðum verslunum Nýherja og með hulduheimtölum í þjónustuver og hafa þær sýnt jákvæða niðurstöðu og sívaxandi þjónustustig.

Mikið um að vera


Líkt og fyrri ár stóð Nýherji fyrir fjölda sýninga, ráðstefna og kynninga sem voru vel sóttar. Tilgangur þeirra var að fræðast um vörur og þjónustu félagsins. Jafnframt voru farnar nokkrar ferðir með viðskiptavini til að heimsækja birgja, svo sem til Rochester í Bandaríkjunum þar sem rannsóknarsetur IBM var skoðað.

Nýherji hefur undanfarin fimm ár skipulagt ferðir fyrir fræðlustofnanir á Íslandi á Bett ráðstefnunum í Englandi þar sem tekið er fyrir allt það nýjasta á sviði upplýsingatækni fyrir skólaumhverfið. Ferðin tókst mjög vel og voru þátttakendur í ferðinni frá öllum helstu skóla- og fræðlustofnunum hér á landi.

Gengi hlutabréfa í árslok
Stock rate at year end



Veltufjárlutfall
Current ratio



m.a. í hóp viðskiptavina á árinu en stofnunin fjárfesti í 42 blaða klasa sem nýttur er til að tengjast reikniklasa háskólanets Norðurlandanna.

Metvöxtur í UNIX netþjónum

Áframhaldandi vöxtur var í sölu UNIX netþjóna, IBM System p, en síðasta ár var eitt það besta frá upphafi í sölu slíkra kerfa á Íslandi. IBM hefur náð miklu samkeppnisforskoti á UNIX markaðnum með þróun á IBM POWER5 örgjörvanum. Hann er sá öflugasti á markaðnum í dag og gerir fyrirtækjum betur kleift að mæta kröfum í rekstri tölvukerfa. Fjöldi nýrra fyrirtækja fjárfestu í System p netþjónum og UNIX útstöðvum og bættust í hóp ánægðra viðskiptavina.

Mikil endurnýjun á IBM System i netþjónum

Sala á System i netþjónum gekk einnig vel og fjárfestu m.a. þrjú hugbúnaðarhús í lausninni á árinu. IBM endurnýjaði á árinu alla System i netþjónalínuna með tilkomu POWER5+ örgjörvans og er því vel undirbúið fyrir samkeppni á komandi ári.

Öryggi allra heimabanka aukið

Öryggi heimabanka er vaxandi áhersluatriði hjá fjármálafyrirtækjum jafnt sem notendum. Nýherji gekk frá samningi við öll fjármálafyrirtæki landsins um aðgangsstýringarkerfi frá TODOS fyrir heimabankþjónustu þeirra. Kerfið býr til einskiptis aðgangsorð og kemur þannig í veg fyrir að lykilorðþjófvar komist inn í heimabanka og eykur þannig öryggi til muna.

Nýjungar í IBM gagnageymslulausnum

Nýherji kynnti á síðasta ári ýmsar nýjungar frá IBM sem gera viðskiptavinum kleift að auka nýtingu og hagkvæmni gagnageymslulausna. Þar ber hæst að nefna svokallaðar sýndargagnageymslulausnir og „SAN Volume Controller“ sem gera viðskiptavinum mögulegt að samtvinna geymslugetu kerfa frá mismunandi framleiðendum í eina lausn. Íslenski markaðurinn hefur tekið þessum nýjungum vel en Anza, Íslensk erfðagreining, Landsbankinn og TM Software voru á meðal fyrirtækja sem fjárfestu í IBM gagnageymslulausnum á árinu.

Árangursríkt samstarf við APC og Avocent

Nýherji hefur um árabíl átt árangursríkt samstarf við APC á sviði hvers kyns kerfislausna fyrir tölvusali, sbr. kælikerfa, miðlaraskápa og varaafgjafa. Góður vöxtur var í þessum lausnum en sérfræðingar Nýherja komu t.a.m. að hönnun og uppsetningu á nýrri lausn fyrir Vodafone. Á árinu var samstarfið við Avocent aukið til muna og hóf Nýherji að bjóða sölu og þjónustu á IP skjáskiptilausnum frá fyrirtækinu. Lausnirnar auka hagræði og gera kerfisstjórum kleift að stjórna netþjónum og netbúnaði miðlægt, jafnvel í neyðartilfellum.

Verðlaun fyrir árangur í IP lausnum

Á undanförunum árum hafa IP kerfi, sem nýta tölvukerfi fyrirtækja fyrir öll símasamskipti, notið vaxandi vinsælda á meðal fyrirtækja og stofnana. Mikill meirihluti nýrra símkerfa sem Nýherji selur í dag er byggður á IP tækninni í stað hinnar hefðbundnu PBX tækni. Nýherji hefur verið leiðandi í IP símlausnum á Íslandi og sérhæft sig í innleiðingu og þjónustu

Árið 2006 var fyrsta heila starfsár AppliCon A/S í eigu Nýherja



Avaya IP samskiptalausna í yfir 10 ár, en að auki býður fyrirtækið upp á alhliða Cisco þjónustu. Góður árangur hefur náðst í sölu og markaðssetningu IP lausna frá Avaya á árinu og veitti Avaya Nýherja gullvottun fyrir framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum og frábæra þekkingu á þeirra lausnum. Í desember fékk Nýherji svo verðlaun sem besti samstarfsaðili Avaya í Vestur-Evrópu. Actavis var á meðal fjölmargra viðskiptavina sem fjárfestu í Avaya IP símkerfi á árinu en Nýherji annaðist uppsetningu fyrir félagið í ellefu löndum. Einnig voru fyrstu skrefin tekin í sölu Avaya lausna í Danmörku.

Auknar vinsældir Lotus hugbúnaðar

Hjá Nýherja starfar fjöldi hugbúnaðarsérfræðinga á sviði IBM og Microsoft hugbúnaðarlausna. Á árinu var aukin áhersla lögð á sölu og markaðssetningu á Lotus Workplace hugbúnaðinum frá IBM sem er samskipta- og samvinnuhugbúnaður er gerir fyrirtækjum kleift að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri. Gerður var samningur við Icelandair en félagið ákvað að taka hugbúnaðinn í notkun hjá öllum deildum og dótturfélögum þess með það að markmiði að skapa eitt viðmót fyrir alla viðskiptaferla félagsins. Jafnframt var unnið að viðamikilli innleiðingu á Lotus Workplace og Tivoli Identity Management hjá Stjórnarráði Íslands.

Vöxtur í rekstrarþjónustu Umsjár

Umsjá Nýherja veitir hýsingar- og rekstrarþjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir en rekstur deildarinnar einkenndist af góðum vexti tekna á árinu. Alrekstrarþjónusta Umsjár naut vinsælda hjá viðskiptavinum Nýherja en með henni yfirtekur Umsjá allan miðlægan rekstur tölvukerfa viðskiptavina sem

og þjónustu við starfsmenn fyrirtækja í gegnum sérstakt þjónustuborð. Með þessu móti hefur viðskiptavinum tekist að lækka heildarkostnaðinn af rekstri tölvukerfa um allt að 30% samhliða því að rekstraröryggi tölvukerfisins og þjónustustigið við endanotendur er aukíð. Áhersla Umsjár á hýsta IP símpjónustu gekk einnig vel á árinu en fjöldi notenda í þessari þjónustu fór þó nokkuð fram úr væntingum.

Notendalausnir

Fjölbreyttur búnaður

Notendalausnir Nýherja annast vörustýringu, markaðsetningu og tækniþjónustu fyrir PC tölvur, prentara, rekstrarvörur, myndavélar, hljóð- og myndlausnir, prentsmiðjulausnir, afgreiðslukerfi og hraðbanka. Sala í öllum vöruflokkum var góð á árinu og var heildarsala sviðsins umfram áætlun.

Lenovo býður meiri breidd í PC búnaði

Lenovo hefur sýnt það á liðnu ári að þeir eru einn öflugasti framleiðandinn á PC markaðnum og hefur árangurinn í sölu ThinkPad og ThinkCentre verið góður. Nýjar vörur hafa bæst við, m.a. ThinkPad Z61m með breiðtjaldsskjá og ThinkPad X60 Tablet með snertiskjá. Ný vörulína, Lenovo 3000, var einnig kynnt á árinu og hafa þær vélar selst vel á einstaklingsmarkaði. Samstarfið við Lenovo hefur verið að styrkjast á árinu og hafa þeir sýnt að þeir eru verðugir keppendur á þessum markaði. Nýherji hefur með þessu

Hljóð- og myndlausnadeild Nýherja sá um uppsetningu á skrifstofu- og fundarbúnaði fyrir fjölmörg fjármálafyrirtæki í London á árinu



verið að vinna inn marga nýja viðskiptavinum sem kunna að meta breiða vörulínu og gera kröfur um gæði.

Samstarf við LANDesk var aukið á árinu, en félagið býður eitt öflugasta netumsjónarkerfið á markaðnum. Frá einum skjá er hægt að stýra öllum búnaði, taka yfir vélar, leysa hugbúnaðarvandamál, stýra uppfærslum og halda utan um eignaskrá og öryggismál. Nýherji hefur náð samningum við fjölda viðskiptavina með kerfið enda skilar fjárfestingin í laustninni sér á fáeinum mánuðum.

Canon enn að eflast

Frá því Nýherji tók við Canon umboðinu í heild sinni um mitt síðasta ár hefur sala á Canon vörum vaxið stöðugt. Sala á myndavélum, stórum sem smáum, ásamt fjölbreyttu úrvali fylgihluta hefur gengið vel og hið sama gildir um ljósritunarvélar og prentara, en ljósmyndaprentarar til heimilisnota njóta sérstakra vinsælda.

Notendapjónusta Nýherja hlýtur viðurkenningu frá IBM

Pjónusta við einkatölvur, prentara, ljósritunarvélar og annan skrifstofubúnað er í höndum Notendapjónustu Nýherja sem rekur eitt stærsta tölvuverkstæði landsins.

IBM fylgir þjónustunni eftir reglulega með því að hringja í mikinn meirihluta viðskiptavina sem koma með tölvur í viðgerð og spyrja út í gæði þjónustunnar. Þriðja árið í röð fékk verkstæði Nýherji sérstök verðlaun fyrir gæði þjónustunnar og var útnefnt „Premium Warranty Service Provider“.

Stöðug sala prentsmiðjulausna

Heidelberg hefur skapað sér sess sem einn besti og

áriðanlegasti framleiðandi prentvéla sem völ er á. Kemur þar til vandaður og þrautreyndur búnaður svo og tækni- og varahlutapjónusta í hæsta gæðaflokki. Stöðug sala var á Heidelberg prentvélum og fylgihlutum á árinu og sömuleiðis hefur þjónusta við búnaðinn farið sívaxandi undanfarin ár. Alhliða prentþjónusta Nýherja hefur skapað Heidelberg sérstöðu á íslenska markaðnum því enginn annar framleiðandi getur ábyrgst jafn viðtæka staðbundna þjónustu.

Verkefni heima og erlendis á sviði hljóð- og myndlausna

Nýherji hefur um árabil verið í samstarfi við marga helstu framleiðendur heims á sviði hljóð- og myndlausna og nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Bose, Crestron og Sony. Starfsemin hefur að mestu verið bundin við fyrirtæki og stofnanir en á liðnu ári leituðu einkaaðilar í auknum mæli til fyrirtækisins til að láta hanna og annast uppsetningu stafrænna lausna fyrir sig þar sem stýringar fyrir hljóð, mynd, hita, lýsingu, öryggiskerfi o.fl. eru samþættað í eina glæsilega heildarlausn. Færni sérfræðinga Hljóð- og myndlausnadeildar Nýherja hefur vakið eftirtekt og hafa íslensk fyrirtæki með erlenda starfsemi sóst eftir þjónustu deildarinnar erlendis í meira mæli en áður hefur verið. Vann deildin að nokkrum slíkum verkefnum í Bretlandi á síðasta ári. Sala á fjölþættum kvikmynda- og ljósvakabúnaði gekk jafnframt vel á árinu.

Tækjaleiga Nýherja vex

Tækjaleigan býður upp á leigu og uppsetningu á hvers kyns skrifstofutækjum, myndsvýningarbúnaði, hljóðkerfum, túlkakerfum og fjarfundarbúnaði. Búnaður og tæknimenn fyrirtækisins eru eftirsóttir við margvíslega mannfagnaði og hefur tækjaleigan komið að flestum stærri viðburðum og skemmtunum landsins.

*Starfsmenn Nýherja fjölmenntu á árs hátíð
félagsins í Amsterdam á liðnu ári*



Hraðbankar – Nýherji á kunnuglegum slóðum

Fyrirrennari Nýherja, IBM á Íslandi hf., varð fyrst fyrirtækja til að setja upp og þjónusta hraðbanka hér á landi. IBM dró sig hins vegar að mestu út úr þeirri starfsemi fyrir nokkrum árum. Á síðasta ári hóf Nýherji samstarf við bandaríska fyrirtækið Diebold og hafa hraðbankar frá fyrirtækinu hlotið mjög góðar viðtökur. Glitnir var til að mynda eitt þeirra fyrirtækja sem keypti slíkan búnað fyrir útibú félagsins um land allt.

Afgreiðslukerfi frá IBM – traust og örugg

Afgreiðslukerfin SurePos frá IBM vinna stöðugt á og var salan á síðasta ári meiri en nokkru sinni fyrr. Margar af helstu verslunum landsins nota búnaðinn með góðum árangri. Fjölda áhugaverðra nýjunga er að vænta frá IBM á þessu sviði og reikna má með að þessi þáttur starfseminnar vaxi umtalsvert á komandi misserum.

Stoðdeildir

Þrjár stoðdeildir, Fjármáladeild, Starfsmannþjónusta og Viðskiptaþróun stýra, þjónusta og samhæfa rekstrarþætti sviða og dótturfélaga Nýherja.

Skjót upplýsingagjöf til fjárfesta

Nýherji leggur mikla áherslu á skjóta, samræmda og vandaða upplýsingagjöf til fjárfesta í ársfjórðungslegum uppgjörum. Félagið hefur undanfarin ár verið fyrsta félagið til að skila uppgjörum til Kauphallar Íslands en árið 2006 voru ársfjórðungsuppgjörin kynnt 26. apríl, 21. júlí og 20. október og ársuppgjör rekstrarársins 2006 var kynnt 19. janúar 2007.

Aukin áhersla á viðskiptaþróun

Ný deild, Viðskiptaþróun, var stofnuð í apríl 2006 en markmið hennar er að skilgreina og fylgja eftir stefnumótandi

tækifærum sem auka vöxt og arðsemi félagsins. Deildin vinnur náið með afkomusviðum Nýherja við að greina og móta stefnu félagsins gagnvart nýjum viðskiptatækifærum. Deildin er jafnframt ábyrg fyrir markaðsmálum félagsins.

Viðburðarríkt ár í markaðsmálum


Mikill kraftur var í markaðs- og kynningarstarfi fyrirtækisins á árinu sem miðaði að því að styrkja ímynd Nýherja sem traust þekkingarfyrirtæki. Nýherji stendur á hverju ári fyrir fjölda ráðstefna og kynninga, bæði stórum og smáum, og er áætlað að á annað þúsund manns hafi sótt þessa viðburði á árinu. Í byrjun apríl var haldin yfir 100 manna ráðstefna á Nordica hotel þar sem háttsettir stjórnendur frá Avaya, IBM og Microsoft fjölluðu um hagnýtingu samskipta- og samvinnulausna fyrir fyrirtæki og hvernig þær breyta rekstrarumhverfi þeirra.

Sýningin Aftur til framtíðar var haldin í Hafnarhúsinu í apríl þar sem Nýherji lagði áherslu á tölvusöguna frá árinu 1980 fram til dagsins í dag. Framtíðin var svo birt í formi 130 fm færanslegs tölvuvers í trucki frá IBM en í honum voru margar af snjöllustu lausnum IBM. Rúmlega 500 manns sóttu sýninguna.

Sýningin Ljósavaki 2006 var haldin af Nýherja í nóvember. Þátttaka var mjög góð en sýningin var fyrir atvinnu- og áhugamenn í ljós- vaka- og kvikmyndaiðnaðinum og var um nýjustu háskerputækni (High Definition) í þeim geira. Margir stærstu framleiðendur heimsins í upptökuvélum og tengdum búnaði sýndu vörur sínar ásamt því sem fyrirlestrar um efnið voru haldnir fyrir fullu húsi.

Jákvæð ímynd

Þjónustukönnun Nýherja var framkvæmd í apríl til að meta ánægju viðskiptavina með einstaka starfsþætti og þjónustu félagsins. Niðurstöður voru jákvæðar en t.a.m. töldu 90%



Þjónustupekkingu starfsfólks Nýherja frekar eða mjög mikla og tæplega 97% aðspurðra sögðu viðmót starfsfólksins jákvætt. Þá töldu 83% viðskiptavina ímynd Nýherja frekar eða mjög jákvæða og er það betri niðurstaða en áður hefur fengist. Þjónusta og ímynd félagsins hefur þannig styrkst til muna og þá sérstaklega í samanburði við önnur upplýsinga tæknifyrirtæki.

Nýjar markaðsáherslur hjá AppliCon

Í framhaldi af stofnun AppliCon ehf. á Íslandi utan um SAP hugbúnaðarstarfsemi Nýherja, fór félagið út í viðamikla stefnumótun þar sem m.a. var skerpt á staðsetningu, gildum og markaðslegum áherslum AppliCon ehf. Nýtt útlit var hannað fyrir markaðsefni AppliCon, ný heimasíða opnuð og farið var út í viðamikla markaðs- og kynningarherferð til að kynna félagið og áherslur þess. Í desember hélt AppliCon svo velheppnaða ráðstefnu um Microsoft SharePoint og þá möguleika sem fyrirtækjum og stofnunum býðst í þessu lausnumhverfi.

Mannauðsstjórnun

Starfsmenn Nýherja og dótturfélaga á Íslandi voru í árslok 313 talsins. Að starfsmönnum í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi meðtöldum er heildarstarfsmannafjöldi samsteypunnar orðinn 379. Kynjaskipting er með svipuðum hætti og verið hefur, en konur voru 23% starfsmanna við árslok. Árið einkenndist af mikilli grósku sem mæta þurfti með ráðningu nýs starfsfólks. Á árinu voru alls ráðnir 70 starfsmenn til Nýherja og dótturfélaga hérlendis og annaðist starfsmannaþjónusta félagsins meirihluta allra ráðninga og veitti faglega forstöðu í þeim málum. Velta starfsmanna var tæp 13% sem telja má er eðlilegt miðað við árferði og þenslu á vinnumarkaði.

Fræðslustarf

Í byrjun ársins gaf Nýherji út fræðsludagskrá sem unnin var upp úr greiningu á þörfum og óskum starfsmanna um

þjálfun. Fræðslustefna var enn fremur sett fram í ársbyrjun og myndaði ramma um það stefnumiðaða starf sem unnið hafði verið á fyrri misserum. Megináhersla var á fjölpætta þjónustu- og sölunámskeið. Einnig voru makar starfsmanna hvattir til að nýta sér framboð á ýmsum áhugaverðum kvöldnámskeiðum. Þátttaka á þessum viðburðum var með ágætum.

Hauststarf hófst með útgáfu heildaryfirlits um starfsmanna- og fræðslumál, undir heitinu Vetrarbrautin. Annar tónn var í starfi haustsins og var lögð áhersla á gæði þjónustu undir yfirskrift ITIL aðferðafræðinnar ásamt áherslu á viðskiptastýringu. Starfsmönnum var enn fremur bent á ýmis konar fræðslu sem í boði var hjá ytri aðilum, oft fyrir milligöngu starfsmannaþjónustunnar. Allir fyrirhugaðir viðburðir á árinu urðu að veruleika og er það til marks um skipulagt starf og þá áherslu sem málaflokkurinn nýtur innan félagsins.

Innri vefur – hjarta fyrirtækisins

Um miðjan september var nýr innri vefur Nýherja kynntur til sögunnar. Vefur þessi mun styðja við starfsemi félagsins og sameina deildir og dótturfélög á einum vettvangi. Þannig opnast greiðari leiðir til miðlunar upplýsinga um viðburði og áfanga í rekstrinum. Áformað er að ráðast í frekari vinnu við uppbyggingu vefjarins á nýju ári.


Starfsemi dótturfélaga

ParX ehf.

Árangur og verðmætasköpun


ParX ehf. viðskiptaráðgjöf IBM er leiðandi ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur með viðskiptavinum sínum að því að hámarka árangur þeirra og verðmætasköpun.

Sölug dagar í viðskiptakröfum
Days of Sales Outstanding



Eigið fé
Equity

í milljónum króna



Viðskiptavinir ParX eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins, ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög auk minni fyrirtækja og félagasamtaka. Hjá ParX starfar hópur öflugra ráðgjafa sem býr yfir víðtækri þekkingu á sviði stefnumótunar og stjórnunar, fjármála, mannauðsmála, stjórnsýslu og markaðsmála. Unnið hefur verið markvisst að þróun starfseminnar í takt við ný og krefjandi verkefni, m.a. með uppbyggingu á öflugu tenglaneti erlendis, en sú krafa viðskiptavina færirist í vöxt að ráðgjafafyrirtækin geti veitt þeim þjónustu erlendis.

Breiðari þekking

Á árinu var rík áhersla lögð á þekkingaröflun með samstarfi við menntastofnanir og þekkingarfyrirtæki hér heima og erlendis. Eftir áralangar rannsóknir býr ParX yfir miklum gagnasöfnum m.a. um frammistöðu fyrirtækja og stofnana, en frekari stoðum var skotið undir þessa þekkingargrunna á árinu. Á síðari hluta ársins hóf ParX samstarf við Samtök atvinnulífsins um upplýsingagjöf á sviði starfsmannamála. ParX starfaði einnig náið með sérfræðingum IBM Business Consulting Services í tengslum við samanburð á frammistöðu fyrirtækja. Slíkur samanburður nýtist viðskiptavinum ParX til að meta eigin frammistöðu í alþjóðlegu samhengi. Auk þessa var gerður samningur um aðgengi að alþjóðlega gagnagrunninum Amadeus.

Öflugir ráðgjafar bætast í hópinn

Þjónustukönnun ParX var framkvæmd í október og sýndu

niðurstöður hennar að heildaránægja viðskiptavina heldur áfram að vaxa og er hún talsvert yfir meðaltali annarra samanburðarfyrirtækja. Öflugir ráðgjafar gengu til liðs við ParX á árinu. Þeirra á meðal voru stjórnendur sem stýra mannauðs- og stjórnunarráðgjöf ParX en ráðningarnar auka reynslu og þekkingu fyrirtækisins.

Krefjandi viðfangsefni

Félagið vann að fjölda krefjandi verkefna á árinu. ParX vann verðmat á Landsvirkjun sem m.a. var lagt til grundvallar fyrir samningum ríkis og sveitarfélaga um kaupverð Landsvirkjunar. Þá var unnið að hagrænni úttekt á staðsetningu Reykjavíkflugvallar. Í forvali fékk ParX hæstu einkunn bjóðenda sem grundvallaðist á aðferðafræði, reynslu ráðgjafahópsins og kostnaði. Í lok árs vann ParX mat á þjóðhagslegum áhrifum þess ef fjarskiptasamband við Ísland rofnar. Einnig má nefna úttekt á starfsumhverfi starfsmanna í 150 ríkisstofnunum sem var unnin í samvinnu við Fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.

Á árinu bauð ParX upp á tímabundna stjórnun fyrir fyrirtæki og stofnanir, svo sem vegna fæðingarorðlofs starfsmanna. Til að mynda var gerður samningur við Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem fjármálasvið ParX sinnti fjármálastjórn fyrir stofnunina.

Á árinu 2006 opnaði AppliCon skrifstofur m.a. í Stokkhólmi



AppliCon

Fyrsta heila rekstrarár AppliCon Holding ehf.

Árið 2006 var fyrsta heila rekstrarár AppliCon Holding ehf. en félagið var stofnað í október 2005 eftir kaup Nýherja á AppliCon A/S í Danmörku og stofnun AppliCon ehf. utan um hugbúnaðarstarfsemi Nýherja. Rekstur AppliCon félaganna gekk einkar vel en hann byggist jöfnum höndum á útseldri ráðgjöf og þróun og sölu SAP og Microsoft hugbúnaðarlausna.

Framtíðarsýn AppliCon er að verða eitt öflugasta SAP ráðgjafafyrirtæki Norður-Evrópu og veita framúrskarandi þjónustu. Hlutverk fyrirtækisins er að efla millistór fyrirtæki til að ná leiðandi markaðsstöðu með sveigjanlegum stöðluðum SAP og Microsoft hugbúnaðarlausnum og ráðgjöf.

Í lok árs voru starfsmenn AppliCon samtals 139 talsins og af þeim voru um 24% konur. Fjöldi starfsmanna AppliCon ehf. á Íslandi í lok árs var 71.

AppliCon ehf. veitir virðisaukandi þjónustu

Mikill viðsnúningur var í rekstri AppliCon ehf. á árinu en félagið skilaði bæði góðum vexti og afkomu á sviði SAP og Microsoft þjónustu. Skilgreind voru ný gildi fyrir AppliCon ehf. með megináherslu á ábyrgð, áráðni og árangur. Sérstök áhersla var lögð á að efla ímynd félagsins og kynna starfsemina á Íslandi. AppliCon ehf. þjónaði fjölda fyrirtækja á árinu en á meðal verkefna má nefna frekari innleiðingu SAP bankalausna hjá Kaupþingi, innleiðingu SAP heildarlausna hjá Akureyrarbæ og innleiðingu ýmissa SAP lausna fyrir Glitni, Samskip og Símann. Á sviði Microsoft lausna var unnið að fjölda verkefna tengt t.a.m. Microsoft CRM, Microsoft SharePoint og skýrslugjöf til stjórnenda með Microsoft SQL og Reporting Services. Meðal viðskiptavina voru Orkuveitan, Össur, Marel, Dagsbrún, Útflutningsráð og VÍS.

Rekstur AppliCon A/S

Rekstur AppliCon A/S í Danmörku gekk vel á liðnu ári. Fjöldi starfsmanna var um 65 í lok ársins og er þar um að ræða marga mjög reynda SAP ráðgjafa. AppliCon A/S hefur vaxið

hratt og rekstur gengið vel á undanförunum árum. Á árinu 2006 var unnið að ýmsum SAP innleiðingum fyrir vel þekkt fyrirtæki í Danmörku eins og t.d. KMD, Velux, Danisco, Post Danmark og Arla Foods. AppliCon A/S undirritaði í lok árs viðamikinn samning um SAP verkefni við DONG Energy, en það innleiðingarverkefni mun standa yfir fram til ársins 2008.

Á árinu var lögð áhersla á að nýta samlegðaráhrif með samstarfi AppliCon A/S og AppliCon ehf. með ýmsum samstarfsverkefnum og þjónustu við viðskiptavinum eins og Símann, Kaupþing og Glitni. Einnig var unnið að krosssölu lausna sem fyrirtækin hafa þróað á mismunandi markaðssvæðum.

AppliCon í Bretlandi og Svíþjóð


Frekari starfsemi erlendis var fylgt eftir með stofnun AppliCon Solutions Ltd. í Bretlandi í ágúst 2006. Fyrirtækið verður einn af lykilsamstarfsaðilum SAP á sviði fjármála- og bankalausna í Bretlandi en þrjú starfsmenn starfa hjá félaginu. Í lok árs var einnig stofnað fyrirtækið AppliCon AB í Stokkhólmi til að fylgja eftir verkefnum og starfsemi AppliCon þar í landi.

AppliCon vann til verðlauna á árinu


Tímaritið The Banker, breskt fagtímarit um bankastarfsemi, veitti Kaupþingi viðurkenningu á síðastliðnu ári fyrir árangursríkasta upplýsingatækniverkefnið í kjarnabankastarfsemi. Verkefnið byggist á uppbyggingu bankans á SAP upplýsingakerfum fyrir kjarnastarfsemi og hefur AppliCon ehf. annast þá innleiðingu.

Þriðja árið í röð valdi danska blaðið Computer World AppliCon A/S í hóp þriggja bestu fyrirtækja í Danmörku sem starfa á sviði hugbúnaðainnleiðinga. Einnig valdi danska viðskiptablaðið Börsen fyrirtækið sem fimmta besta upplýsingatæknifyrirtæki Danmerkur. AppliCon ehf. var þá kjörið besti samstarfsaðili Microsoft á Íslandi í innleiðingu CRM lausna frá Microsoft og var kjörið „Fyrirmyndarfyrirtæki

Meðalfjöldi stöðugilda
Average number of FTE



Veltuhraði vörubirgða
Turnover of inventories



ársins 2006" samkvæmt könnun sem VR framkvæmdi meðal 70 íslenskra fyrirtækja.

Klak ehf.

Nýsköpun í verki

Klak ehf. hefur á undanförunum árum áunnið sér sess sem leiðandi alþjóðleg nýsköpunarmiðstöð. Klak treysti þá ímynd á árinu með vinnu að ýmsum frumkvöðla- og rannsóknarverkefnum og mun vinna áfram að því að eflast á sviði nýsköpunar á komandi misserum. Að meðaltali voru átta fyrirtæki með aðstöðu hjá félaginu á liðnu ári.

Starfsemi Klaks var umsvifamikil á árinu. Klak lauk einu Evrópuverkefni og einu rannsóknarverkefni sem styrkt var af Rannís. Þá vann Klak að viðskiptaþróun og fjármögnun með Green Diamond International sem hóf starfsemi í Kína á árinu.

Klak er rekstraraðili Seed Forum Iceland og stóð fyrir tveimur vel heppnuðum fjárfestingum á árinu. Á fyrria þinginu, sem opnað var af Valgerði Sverrisdóttur, þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynntu níu norræn sprotafyrirtæki viðskiptahugmyndir sínar. Síðara fjárfestingið fór fram síðastliðið haust og var það opnað af Sigurði Einarssyni, starfandi stjórnarformanni Kaupþings, en þar kynntu átta norræn sprotafyrirtæki viðskiptahugmyndir sínar.

Nýherji keypti Tölvusmiðjuna á Austurlandi á árinu með það fyrir augum að efla þjónustu við landsbyggðina

Markmið Seed Forum Iceland er að leiða saman góðar hugmyndir og alþjóðlegt áhættufjármagn. Með frumkvæði Klaks við stofnun og uppbyggingu Seed Forum Iceland hefur náðst að virkja helstu aðila innan nýsköpunar á Íslandi, hvort sem er á opinberum vettvangi eða á meðal einkaaðila. Þannig er Seed Forum Iceland kærkominn valkostur fyrir íslensk sprotafyrirtæki við fjármögnun en ekki síst mikilvægur vettvangur til uppbyggingar starfsemi á erlendum mörkuðum. Ljóst er að fjárfestar eru farnir að líta á Seed Forum sem ákjósanlegan farveg fyrir framsækin alþjóðleg sprotafyrirtæki og standa á bakvið framtakið með einum eða öðrum hætti.

Tölvusmiðjan ehf.

Öflugur liðsauki á Austurlandi

Nýherji hf. og allir hlutahafar Tölvusmiðjunnar ehf. undirrituðu í október samning um kaup Nýherja á 100% hlutafjár í Tölvusmiðjunni. Tölvusmiðjan er öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki Austurlands og er markmiðið að efla starfsemi þess enn frekar með aðkomu Nýherja að rekstrinum. Nýherji hefur á undanförunum árum starfað að ýmsum verkefnum á Austurlandi, mikið í samvinnu við Tölvusmiðjuna. Kaupin á Tölvusmiðjunni eru liður í að styðja betur við þá starfsemi og skapa forsendur til að bjóða lausnir Nýherja til viðskiptavina á Austurlandi. Tölvusmiðjan verður



áfram rekin sem sjálfstætt dótturfélag Nýherja. Fyrirtækið hefur náð góðum árangri í sölu á tölum og tæknibúnaði og byggt upp viðtæka þjónustu á sviði rekstrarþjónustu, hýsingu, notendapjónustu og Microsoft þjónustu.

SimDex ehf.


Lausnir sem skapa hagræði

SimDex hefur á undarförnum árum þróað og markaðssett tæknilausnir fyrir fyrirframgreidda rafræna þjónustu, sbr. fyrirframgreidd farsímakort, lottómiða, rafmagn o.fl. Lausnir


félagsins hafa notið vaxandi fylgis hjá farsímafélögum en þær skapa mikið hagræði fyrir símafélögin.

Rekstur SimDex var ekki í samræmi við áætlanir á árinu þótt mikill viðsnúningur hafi orðið í rekstrinum síðari hluta árs. Félagið gerði endursölusamning við samstarfsaðila um sölu á þjónustu SimDex í Mið-Austurlöndum. Þá undirritaði félagið samning við viðskiptaaðila á Indlandi og einnig náðust samningar við öflugan dreifingaraðila í Danmörku. Grunnur hefur verið lagður að því styrkja innviði félagsins og er félagið vel í stakk búið til nýrrar sóknar á komandi ári.

Starfsþáttaskipting tekna 2006
Segment reporting of revenues



Starfsþáttaskipting tekna 2005
Segment reporting of revenues



- Vörur & tengd þjónusta
Goods & related services
- Hugbúnaður, tengd þjónusta & ráðgjöf
Software, related services & consulting
- Ísland
Iceland
- Danmörk
Denmark

ÁRSREIKNINGUR

Höfuðstöðvar Nýherja hf. Borgartúni 37, Reykjavík



Fimm ára yfirlit

Samstæða

Rekstur í milljónum króna

	2006	2005	2004	2003	2002
Seldar vörur og þjónusta	8.646	6.293	5.470	4.562	4.435
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	4.859	3.925	3.353	2.820	2.772
Vergur hagnaður	3.787	2.368	2.117	1.742	1.663
Aðrar tekjur	39	23	20	8	7
Laun og launatengd gjöld	-2.523	-1.635	-1.418	-1.209	-1.108
Annar rekstrarkostnaður	-620	-524	-450	-334	-331
Afskriftir	-99	-97	-92	-108	-86
Virðisrýrnun viðskiptavilda	0	0	-71	0	0
Rekstrarhagnaður	584	136	106	99	145
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-173	-40	-36	-25	-8
Áhrif hlutdeildarféлага	-6	-2	1	0	5
Hagnaður (tap) fyrir skatta	405	94	71	74	142
Skattar	-99	-18	-21	-3	-35
Hagnaður (tap) ársins	306	76	50	71	107
Veltufé (til) frá rekstri	441	188	231	176	175

Efnahagur í milljónum króna

Fastafjármunir	2.052	1.807	1.201	1.317	1.218
Veltufjármunir	2.496	2.161	1.664	1.553	1.242
Tekjuskattsskuldbinding	62	53	59	114	101
Langtímaskuldir	1.279	780	601	651	216
Skammtímaskuldir	1.810	1.738	970	775	843
Eigið fé	1.397	1.397	1.234	1.330	1.300
Heildareignir	4.584	3.968	2.865	2.870	2.460

Lykiltölur

Arðsemi eigin fjár	23,4%	6,2%	4,1%	5,5%	8,8%
Hagnaður sem hlutfall af rekstrartekjum	3,5%	1,2%	0,9%	1,5%	2,4%
Laun sem hlutfall af rekstrartekjum	29,0%	26,0%	25,8%	26,5%	25,0%
Annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum	7,2%	8,3%	8,2%	7,3%	7,5%
Veltufjárlutfall	1,38	1,22	1,77	2,00	2,25
Eiginfjárlutfall	0,31	0,35	0,44	0,46	0,52
Meðalfjöldi stöðugilda	337	292	264	242	233
Gengi hlutabréfa í árslok	15,4	13,8	10,2	8,8	8,3
Arður	0,45	0,15	0,15	0,10	0,13

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Nýherja hf. og dótturfélaga, sem voru fimm í árslok 2006. Sex dótturfélög eru í eigu dótturfélaga félagsins, þannig að í samstæðunni eru tólf félög.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins 306 milljónir kr. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 8.646 milljónum kr. á árinu. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2006 var 1.397 milljónir kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins nam í árslok 248 milljónum kr., en félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 24,8 milljónir kr. Hlutfé í árslok skiptist á 287 hluthafa, en þeir voru 347 í ársbyrjun og fækkaði því um 60 á árinu. Í árslok 2006 áttu tveir hluthafar yfir 10% af virkum eignarhlut í félaginu, en þeir eru:

Vogun hf.	30,4%
Áning-fjárfestingar ehf.	14,6%

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði 0,45 kr. á hlut í arð til hluthafa á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006 eða 100 milljónir kr. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Nýherja hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins fylgir „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins að öðru leyti en því að ekki hafa verið skipaðar endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, þar sem stjórn félagsins telur þeirra ekki þörf með vísan til þess er fram kemur hér að ofan. Allir þrír stjórnarmenn eru óháðir félaginu samkvæmt skilgreiningu í grein 2.6 í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn og forstjóri Nýherja hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. janúar 2007.

Í stjórn félagsins:

Benedikt Jóhannesson

Árni Vilhjálmsson

Guðmundur J. Jónsson

Forstjóri:

Þórður Sverrisson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Nýherja hf.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Nýherja hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. .

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samkvæmt þeim ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og hæfilegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val

endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. janúar 2007.

Sæmundur Valdimarsson

Ólafur Már Ólafsson

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Seldar vörur og þjónusta		8.646.123	6.292.985
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu		(4.859.093)	(3.924.891)
Vergur hagnaður		3.787.030	2.368.094
Aðrar tekjur		38.703	23.230
Laun og launatengd gjöld	7	(2.523.330)	(1.635.046)
Annar rekstrarkostnaður		(619.930)	(523.532)
Afskriftir	11	(98.831)	(96.844)
Rekstrarhagnaður		583.642	135.902
Fjármunatekjur	9	53.735	43.791
Fjármagnsgjöld	9	(226.549)	(83.792)
Hrein fjármagnsgjöld		(172.814)	(40.001)
Áhrif hlutdeildarféлага	13	(5.718)	(1.799)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		405.110	94.102
Tekjuskattur	10	(99.484)	(17.621)
Hagnaður ársins		305.626	76.481
Skipting hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags		303.661	76.481
Hlutdeild minnihluta		1.965	0
Hagnaður ársins		305.626	76.481

Hagnaður á hlut:

Grunnhagnaður á hverja krónu hlutafjár	19	1,39	0,32
Þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár	19	1,39	0,32

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	1.065.898	1.041.699
Óefnislegar eignir	12	925.497	665.394
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	9.740	19.112
Skuldabréfaeign og samningar	14	50.910	81.062
Fastafjármunir		2.052.045	1.807.267
Birgðir	15	485.984	384.005
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	16	1.738.179	1.655.068
Handbært fé		272.052	121.784
Veltufjármunir		2.496.215	2.160.857
Eignir samtals		4.548.260	3.968.124
Eigið fé:			
Hlutfé		223.201	246.408
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		126.089	252.520
Annað bundið eigið fé		12.152	(29.629)
Óráðstafað eigið fé		1.026.156	927.929
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		1.387.598	1.397.228
Hlutdeild minnihluta		9.441	0
Eigið fé samtals	18	1.397.039	1.397.228
Skuldir:			
Vaxtaberandi skuldir	20	1.278.952	780.075
Tekjuskattsskuldbinding	21	61.923	53.197
Langtímaskuldir		1.340.875	833.272
Vaxtaberandi skuldir	20	291.070	265.929
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		1.519.276	1.471.695
Skammtímaskuldir		1.810.346	1.737.624
Skuldir samtals		3.151.221	2.570.896
Eigið fé og skuldir samtals		4.548.260	3.968.124

Eiginfjáryfirlit 2006

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innborgaðs hlutafjár	Annað bundið eigið fé	Óráð- stafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móður- félagsins	Hlutdeild minni- hluta	Eigið fé samtals
Árið 2005							
Eigið fé 1.1.2005	237.626	138.168	(28.480)	887.148	1.234.462	0	1.234.462
Þýðingarmunur dótturfélaga			(10.939)		(10.939)		(10.939)
Hagnaður ársins				76.481	76.481		76.481
Heildarhagnaður tímabilsins			(10.939)	76.481	65.542	0	65.542
Hækkun vegna ónýtttra söluréttta			9.790		9.790		9.790
Keypt eigin hlutabréf	(1.880)	(21.088)			(22.968)		(22.968)
Seld eigin hlutabréf	10.662	135.440			146.102		146.102
Greiddur arður, 0,15 kr. á hlut				(35.700)	(35.700)		(35.700)
Eigið fé 31.12.2005	246.408	252.520	(29.629)	927.929	1.397.228	0	1.397.228
Árið 2006							
Eigið fé 1.1.2006	246.408	252.520	(29.629)	927.929	1.397.228	0	1.397.228
Þýðingarmunur dótturfélaga			34.606		34.606		34.606
Hagnaður ársins				303.661	303.661	1.965	305.626
Heildarhagnaður tímabilsins			34.606	303.661	338.267	1.965	340.232
Áfallinn kostnaður vegnakaupréttarsamninga ..			7.175		7.175		7.175
Keypt eigin hlutabréf	(46.300)	(252.520)		(342.356)	(641.176)		(641.176)
Seld eigin hlutabréf	23.093	126.089		174.122	323.304		323.304
Seldur minnihluti í dótturfélagi						7.476	7.476
Greiddur arður, 0,15 kr. á hlut				(37.200)	(37.200)		(37.200)
Eigið fé 31.12.2006	223.201	126.089	12.152	1.026.156	1.387.598	9.441	1.397.039

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2006

Rekstrarhreyfingar:

Hagnaður ársins	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:	
Afskriftir	
Hagnaður af sölu eigna og matsbreyting eignarhluta	
Verðbætur og gengismunur	
Tekjuskattur	
Veltufé frá rekstri	

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Vörubirgðir, hækkun	
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun	
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	

Innheimtar vaxtatekjur	
Greidd vaxtagjöld	
Greiddur tekjuskattur	
Handbært fé frá rekstri	

Fjárfestingarhreyfingar:

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumnum	
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé	
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum	
Langtímakröfur, hækkun	
Langtímakröfur endurgreiddar	
Fjárfestingarhreyfingar	

Fjármögnunarhreyfingar:

Keypt eigin hlutabréf	
Seld eigin hlutabréf	
Greiddur arður	
Tekin ný langtímalán	
Afborganir langtímalána	
Skammtímaskuldir, lækkun	
Fjármögnunarhreyfingar	

Hækkun á handbæru fé	
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	
Handbært fé í ársbyrjun	
Handbært fé í árslok	

Skýr.	2006	2005
	305.626	76.481
11	98.831	96.844
	(17.849)	(9.957)
	45.873	7.484
	8.726	16.859
	441.207	187.711
	(99.430)	(6.410)
	(73.182)	(423.646)
	69.001	539.113
	(103.611)	109.057
	28.648	29.298
	(154.325)	(84.704)
	(26.037)	(1.354)
	185.882	240.008
11	(96.283)	(86.758)
	2.033	0
6	(30.000)	(225.823)
	34.800	47.533
	(2.249)	(31.238)
	13.579	21.237
	(78.120)	(275.049)
	(641.176)	(22.968)
	323.304	146.102
	(37.200)	(35.700)
	1.011.020	270.756
	(508.496)	(188.026)
	(121.317)	(68.645)
	26.135	101.519
	133.897	66.478
	16.371	227
	121.784	55.079
	272.052	121.784

Skýringar

1. Félagið

Nýherji hf. („félagið“) er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru í Borgartúni 37, Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2006 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun hugbúnaðar, sölu á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn félagsins heimilaði birtingu ársreikningsins 19. janúar 2007.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eignarhlutir til sölu og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og á þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er í eftirfarandi skýringum:

Skýring 6 – fjárfesting í dótturfélagi.

Skýring 12 – mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga.

Skýring 22 – mat kaupréttar- og söluréttarsamninga.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(ii) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga, í samræmi við hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

(iii) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar eignarinnar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar í starfrækslugjaldmiðil miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í starfrækslugjaldmiðil er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem færðar eru í

3. Frh.:

erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

(iii) Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi

Þegar skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru notaðar til að verjast gengisáhættu vegna fjárfestinga í erlendri starfsemi er gengismunur af skuldunum færður beint á eigið fé að því marki sem um virka áhættuvörn er að ræða. Gengismunur af óvirkum hluta áhættuvarnarinna er færður í rekstrarreikning. Við sölu erlendrar starfsemi er uppsafnaður gengismunur af áhættuvörnum, sem færður hefur verið meðal eigin fjár, færður í rekstrarreikning til hækkunar eða lækkunar á söluhagnaði.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar, eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði við upphaflega skráningu, þó með þeim undantekningum sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða nær allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða eru ógiltar.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innistæður. Gjaldkræfur yfirdráttur í banka, sem er órjúfanlegur hluti fjárstýringar samstæðunnar, telst til handbærs fjár í sjóðstreymisýfirliti.

Fjárfestingar í skráðum hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar á gangvirði og hagnaður eða tap af þeim er fært í rekstrarreikninginn.

Skuldabréf félagsins eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggt útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2007 og gengistryggt lán eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok. Næsta árs afborganir af skuldabréfæign og samningum eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Í skýringu 3(m) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Geymd til gjalddaga

Þegar samstæðan hefur bæði fyrirætlanir og getu til að eiga skuldabréf til gjalddaga, þá flokkast þau sem geymd til gjalddaga. Slíkar fjárfestingar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunartaps ef um það er að ræða. Við útreikning á afskrifuðu kostnaðarverði er miðað við virka vexti.

Fjáreignir til sölu

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum og ákveðnum skuldabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar beint á eigið fé. Þó er virðisrýrnunartap vegna fjáreigna til sölu og gjaldeyrisgengismunur ef um er að ræða peningalega liði færður í rekstrarreikning. Við sölu eða afskráningu fjáreigna til sölu eru allar gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið beint á eigið fé, færðar í rekstrarreikning.

(ii) Afleiðusamningar

Félagið notar afleiðusamninga til að takmarka gengisáhættu vegna rekstrarstarfsemi. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphafsferð eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða

Gangvirði framvirkra samninga á uppgjörsdegi er núvirði framvirka verðsins.

(iii) Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda

Þegar afleiðusamningur er notaður til að verjast gengisáhættu vegna peningalegra eigna eða skulda er ekki beitt áhættuvarnarreikningskilum heldur er hagnaður eða tap af áhættuvörninni fært í rekstrarreikning sem gengismunur.

(iv) Hlutafé

Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð sem lækkun á eigin fé. Kaup á eigin bréfum eru færð sem eigin hlutir og þeir færðir til lækkunar á heildareiginfé.

(v) Sala á eigin hlutum með sölurétti

Þegar félagið selur eigin hluti til starfsmanna sinna og veitir þeim á sama tíma sölurétt, það er rétt til að selja hlutina aftur á tilteknum tíma á sama verði og þeir keyptu bréfin, er eigið fé félagsins ekki hækkað. Eigið fé verður hækkað sem nemur söluverðinu

3. Frh.:

ef sölurétturinn verður ekki nýttur. Í ársreikningnum er nafnverð hlutfjár hækkað sem nemur sölnunni, sem og yfirverð hlutanna, en annað eigið fé lækkað samsvarandi. Jafnframt er færð meðal skulda skuldbinding vegna söluréttarins, sem er jafnhá söluverðinu.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

(i) Eignir í eigu fyrirtækisins

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir..... 50 ár.

Áhöld og tæki..... 4 ár.

Innréttingar 5-7 ár.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup dótturfélaga.

Yfirtökur fyrir 1. janúar 2004

Flokkun og reikningsskilaaðferðum á sameiningum sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 2004 var ekki breytt við upptöku á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2004. Að því er varðar yfirtökur sem áttu sér stað fyrir þann tíma hefur öll viðskiptavild verið gjaldfærð

Yfirtökur þann 1. janúar 2004 eða síðar

Yfirtökur sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð í rekstrarreikningi.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

f. Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegri starfsemi að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ásigkomulag.

g. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

h. Virðisrýrnun

Bókfært verð annarra eigna samstæðunnar en peningalegra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort visbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður hærra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða sjóðskapandi eininga er hreint söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra er. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun, að frádregnum afskriftum sem hefðu verið færðar, ef engin virðisrýrnun hefði orðið.

3. Frh.:

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Hlutabréfatengdar greiðslur

Gangvirði kaupréttasamninga við starfsmenn miðar við þann dag sem þeir eru veittir. Gangvirðið er fært sem starfsmannakostnaður, með samsvarandi hækkun eiginfjár, á það tímabil sem starfsmennirnir ávinna sér kauprétti. Gjaldfærð fjárhæð er leiðrétt með tilliti til raunfjölda áunninna kaupréttanna.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðunni ber lagaleg eða ætluð skylda vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á henni við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingar eru ákvarðaðar með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi með vöxtum fyrir skatta sem sýna núverandi markaðsmat tímavirðis peninga og áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

(i) Ábyrgðir

Skuldbinding vegna ábyrgða er færð þegar vara eða þjónusta er seld. Skuldbindingin er byggð á fyrri reynslu vegna ábyrgða með því að veita saman mögulegar útkomur og líkur þeim tengdar.

(ii) Íþyngjandi samningar

Skuldbinding vegna íþyngjandi samnings er færð þegar áætlaður hagur samstæðunnar vegna samnings er lægri en óhákvæmilegur kostnaður hennar við að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Skuldbindingin er metin sem núvirði hvort sem lægra er af kostnaði við að loka samningi eða nettókostnaði við að efna hann.

k. Tekjur

(i) Seldar vörur og veitt þjónusta

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsteggi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vöru verði skilað.

(ii) Rekstrarleigutekjur

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Leigutekjur eru færðar undir liðnum aðrar tekjur í rekstrarreikningi.

l. Leigugreiðslur

(i) Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur sem eiga sér stað á grundvelli rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímabilinu.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af; vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna, þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði eða tapi af áhættuvarnargerningum sem eru færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Vaxtagjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Allur lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

n. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Tekjuskattur er ekki reiknaður fyrir viðskiptavild, sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum, og mismun sem tengist fjárfestingum í dótturfélögum að því marki sem talið er að móðurfélagið geti stjórnað því hvenær tímabundni mismunurinn snúist við og talið er líklegt að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlaun eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsteggi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutfjár. Þynntur hagnaður á hlut er ákvarðaður með því að leiðrétta fjölda virka hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttasamninga starfsmanna.

3. Frh.:

p. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, sem fæst við að bjóða skyldar vörur eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða fæst við að bjóða skyldar vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er háður áhættu og ávinningi sem er ólík áhættu og ávinningi af öðrum starfsþáttum. Aðalstarfsþáttayfirlit félagsins er samkvæmt rekstrarstarfsþáttum.

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Eftirfarandi staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi í árslok 2006 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings.

- IFRS 7 *Fjármálagerningar: Skýringar og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila*: Eiginfjárskýringar: Krafist er ítarlegra upplýsinga um mikilvægi fjármálagerninga fyrir fjárhagsstöðu og afkomu félags og efnislegra og tölulegra skýringa á eðli og umfangi áhættu. IFRS 7 og breytingar á IAS 1 gilda um ársreikning samstæðunnar 2007, en í þeim er krafist ítarlegrri skýringa um fjármálagerninga og hlutafé.
- IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29 um *Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir* tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.
- IFRIC 8 Gildissvið IFRS 2 um *Eignarhlutatengdar greiðslur tekur til reikningsskilaaðferða eignarhlutatengdra greiðslna* þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 9 *Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC 9 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 og mun væntanlega ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.
- IFRIC 10 *Árshlutareikningar og virðisrýrnun* bannar bakfærslu virðisrýrnunar viðskiptavildar fjárfestinga í eiginfjárgerningum eða fjáreigna sem færð er við kostnaðarverði sem er færð í árshlutareikningi. IFRIC 10 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Ákveðnar reikningsskilaaðferðir og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í viðeigandi skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

(i) Varanlegir rekstrarfjármunir

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsverð. Markaðsverð fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í armslengdarviðskiptum milli viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði tækja og innréttinga byggist á markaðsverði sambærilegra eigna.

(ii) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu sjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

(iii) Birgðir

Gangvirði birgða sem yfirteknar eru við samruna er ákvarðað út frá væntu söluvirði í eðlilegum viðskiptum að frátöldum kostnaði, sölukostnaði og eðlilegri álagningu við að selja birgðirnar.

(iv) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, er metið sem núvirði af væntu sjóðstreymi, núvirt miðað við markaðsvexti á uppgjörsdegi.

(v) Afleiður

Gangvirði framvirkra gjaldmiðlasamninga er metið með því að núvirða mismuninn á framvirku samningsgengi og núverandi framvirku gengi fyrir eftirstöðvar samningstímans miðað við áhættulausa vexti.

(vi) Kaupréttarsamningar

Gangvirði kaupréttarsamninga er metið með Black-Scholes aðferðinni. Við matið er notað gengi hlutabréfa á matsdegi, samningsgengi gengningsins, væntu flókti, gildistíma saminganna, væntum arðgreiðslum og áhættulausum vöxtum (sem byggjast á ríkisbréfum).

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir sviðum annars vegar og eftir landsvæðum hins vegar. Aðalstarfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Verðlag milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir, innifela ákveðna starfsþætti og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt. Óskiptir liðir samanstanda mestmegnis af tekjuskapandi eignum, vaxtaberandi lánum og lántöku.

Rekstrarstarfsþættir

Vörur og tengd þjónusta - vörusala til almennings og fyrirtækja og tengd þjónusta.
Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf - gerð hugbúnaðar og ýmis tengd þjónusta.

Landsvæðisskipting

Við framsetningu upplýsinga á grundvelli landsvæðisstarfsþátta eru starfsþáttatekjur og starfsþáttaeignir byggðar á landfræðilegri staðsetningu samstæðufélaganna.

Rekstrarstarfsþættir 2006

	Vörur og tengd þjónusta	Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	5.723.439	2.961.387	0	8.684.826
Tekjur innan samstæðunnar	79.874	46.248	(126.122)	0
Tekjur samtals	5.803.313	3.007.635	(126.122)	8.684.826
Rekstrargjöld starfsþátta	(5.474.000)	(2.665.545)	137.192	(8.002.353)
Afkoma starfsþátta (EBITDA)	329.313	342.090	11.070	682.473
Afskriftir				(98.831)
Hrein fjármagnsgjöld				(172.814)
Áhrif hlutdeildarféлага				(5.718)
Tekjuskattur				(99.484)
Hagnaður ársins				305.626
Eignir starfsþátta	3.386.202	1.152.895	0	4.539.097
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	0	9.163	0	9.163
Heildareignir	3.386.202	1.162.058	0	4.548.260
Skuldir starfsþátta	1.905.018	1.246.203	0	3.151.221
Heildarskuldir	1.905.018	1.246.203	0	3.151.221

Rekstrarstarfsþættir 2005

	Vörur og tengd þjónusta	Hugbúnaður, tengd þjónusta og ráðgjöf	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	4.759.474	1.556.741	0	6.316.215
Tekjur innan samstæðunnar	25.267	44.333	(69.600)	0
Tekjur samtals	4.784.741	1.601.074	(69.600)	6.316.215
Rekstrargjöld starfsþátta	(4.407.684)	(1.745.385)	69.600	(6.083.469)
Afkoma starfsþátta (EBITDA)	377.057	(144.311)	0	232.746
Afskriftir				(96.844)
Hrein fjármagnsgjöld				(40.001)
Áhrif hlutdeildarféлага				(1.799)
Tekjuskattur				(17.621)
Hagnaður ársins				76.481
